



Varðandi breytingar á gjaldskrá Tónlistarskólans á Akranesi.

Gjaldskrá Tónlistarskólans þarfnast lagfæringar af eftirtöldum ástæðum.

1. Bæta þarf inn gjaldi fyrir nýjar námsleiðir:
 - Suzukínám á fiðlu og selló
 - Samkennsla á gítar/málmblasturshljóðfæri
2. Bæta þarf inn gjaldi fyrir námsleiðir sem ekki hafa verið tilgreindar í gjaldskrá:
 - Samkennsla í söng
 - ½ söngnám tilgreint eftir stigum (grunnstig/miðstig/framhaldsstig)
3. Meðleikur sem söngnemendum býðst hefur verið stytur.
þarf að birta gjald fyrir nám í söngdeild í samræmi við það.
(3 námsleiðum í söngdeild sem ekki verður boðið uppá er haldið inni í gjaldskránni svo það sé sýnilegt að gjaldið hefur lækkað í réttu samhengi við styttingu á meðleik.)
4. Gjald fyrir tvær námsleiðir þarf að fjarlægja vegna þess að þær eru ekki í boði :
 - Söngnám ½ (m. píanói 15 mín.) byrjendur
 - Söngnám ½ (m. píanói 15 mín.)

Jafnframt þessu er til bóta að birta í gjaldskránni gjald með 35% álagi fyrir 21 árs og eldri.

Með þessum breytingum eykst samræmi milli gjalds fyrir mismunandi námsleiðir.

Akranesi 13.9.2017

Guðmundur Óli Gunnarsson

Skólastjóri Tónlistarskólans á Akranesi